

Eyjafjarðarsveit

Athugun á fornleifum vegna Tjarnavirkjunar

í landi Halldórsstaða, Hólsgerðis og Tjarna



Katrín Gunnarsdóttir fornleifafraeðingur MA.

September 2017

Efnisyfirlit

1. Skilgreining verkefnisins.	3
2. Skráningarsvæðið.....	4
3. Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.....	6
4. Aðferð við skráningu	9
5. Heiti verkefnisins:.....	10
6. Sögulegar heimildir.....	11
7. Skráning fornleifa.	14
8. Niðurstöður:	17
9. Samantekt á niðurstöðum:.....	20
10. Heimidaskrá	24

Skrá yfir kort.

Kort 1. Afmörkun skipulagssvæðisins.	5
Kort 2. Kort yfir minjar í landi Hólsgarðis	23

Forsíðumyndir:

Mynd 1. Efst til vinstri er horft til norðurs yfir í land Halldórsstaða þar sem stöðvarhúsið mun rísa, u.þ.b. fyrir miðri mynd norðan vegarins.

Mynd 2. Horft til vesturs yfir í land Hólsgarðis, í gamla vegstæðið og brúarfótinn.

Mynd 3. Horft til auturs úr landi Hólsgarðis yfir gamla vegstæðið yfir í land Tjarna.

Myndir í skýrslunni.

Mynd 1. Horft til norðurs, lónið til hægri í mynd. Framhjá því er vegstæðið að Tjörnum þar sem lögnin mun fylgja því að vestan	4
Mynd 2 Horft til vestur að vegstæðinu í landi Hólsgarðis	16
Mynd 3. Horft til vesturs að Hólsgarði, vaðið um miðja mynd.	
Ljósmynd: Verkfræðistofan Efla	18

1. SKILGREINING VERKEFNISINS.

Fornleifaskráning í landi Tjarna, Halldórsstaða og Hólsgarðis í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði er unnin vegna Tjarnavirkjunar í Eyjafjarðará sem mun liggja að hluta til um fyrrnefndar jarðir.

Fornleifaskráningin í landi Tjarna, Halldórsstaða og Hólsgarðis í Eyjafjarðarsveit fór fram 19/12 2016, og 13/2 2017. Farið var yfir gögn með Árna Sveini Sigurðssyni 14. september 2017.

Skráningin er unnin að beiðni Árna Sveins Sigurðssonar á Verkfræðistofunni Eflu, Glerárgötu 32 Akureyri fyrir hönd Tjarnavirkjunar ehf. Katrín Gunnarsdóttir fornleifræðingur MA sá um athugun á minjum á deiliskipulagssvæðinu vegna virkjunar sem mun ná yfir hluta lands á fyrrnefndum jörðum, og Katrín sá um skýrslugerð og ljósmyndir. Kortagrunnur er fenginn hjá Verkfræðistofunni Eflu á Akureyri, sem sá um hnitmælingu minja.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ




Mynd 1. Horft til norðurs, lónið til hægri í mynd. Framhjá því er vegstæðið að Tjörnum þar sem lögnin mun fylgja því að vestan.

Við þessa fornleifaskráningu eru skráð afmörkuð svæði deiliskipulagsins í landi Tjarna, Halldórsstaða og Hólsgærðis. Þau eru afmörkuð sem framkvæmdasvæði vegna Tjarnavirkjunnar.

Skoðað er hvort fornminjum geti stað hættu af þrýstipípu, inntaki, farvegi, yfirfalli, lóni og vegi meðfram pípunni næst stíflunni. Áætluð lengd þrýstipípunnar er um 1350 m, og gert er ráð fyrir 15 m frá miðlínu pípu sem framkvæmdasvæði hennar. Skipulagssvæðið meðfram pípunni er um 50 m breitt, en að jafnaði 30 m frá lóni. Inntak, farvegur, yfirfall og lón munu liggja að hluta í landi Hólskots og Tjarna, en stöðvarhúsið í landi Halldórsstaða. Sjá kort á næstu síðu.

Lega pípunnar í gegnum land Tjarna er frá inntaki í suður að landamerkjum Halldórsstaða í norður. Þrýstipípan liggur í jaðrinum á sléttuðu túninu á Tjörnum sem liggur að Eyjafjarðará að austan. Þar mun pípan liggja að hluta til í gegnum gamla túnið á Tjörnum samkvæmt túnakorti frá 1920¹. Um það bil þar sem túninu á Tjörnum sleppir sveigir pípan í austur að uppistöðulóni austan við heimreiðina, sem liggur að bæjarstæði Tjarna í suður. Eftir það liggur pípan áfram í norður og fylgir heimreiðinni/veginum að landamerkjum Halldórsstaða, þar sem pípan fylgir veginum áfram að Stöðvarhúsinu, sem er í landi Halldórsstaða, austan og ofan Eyjafjarðarár við upphaf heimreiðarinnar að Halldórsstöðum, sem liggur í norður heim að bæ.

¹ Túnakort, Tjarnir 1920.



Kort 1. Afmörkun skipulagssvæðisins.

3. FORNLEIFAR OG TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af mannavöldum eða að náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Lög um menningarminjar. Í 1. grein minjalaga segir svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Í 3. grein minjalag er gerður greinarunur á forngrípum og fornleifum sem eru greindar eftirfrandi:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Í 6. grein minjalaga segir um rannsóknir á fornleifum:

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

Í 16. gr. Segir um *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda*. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skytt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

Í 24 greins segir um: *Áður ókunnar fornminjar*.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skytt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram, hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1

*Lög nr. 80 29. júní 2012.2*²

1 Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).

2 Lög nr. 80 29. júní 2012.

² Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1 Lög nr. 80 29. júní 2012.2

4. AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU

Afmörkuð svæði deiliskipulagsins í landi Tjarna, Halldórsstaða og Hólsgerðis voru skoðuð með tilliti til minja. Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið og skoða skrá hvar minjar eru staðsettar, eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráningin felst í að lýsa viðkomandi fornleif, hún er mæld og ljósmynduð.

Ef minjar koma í ljós er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hversu mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda, jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofnunar Íslands sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið.

Í skýrslunni fá staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, ásamt verkefnisnúmeri Minjastofnunar Íslands sem er tilvísun í kortagrunn stofnunarinnar og hefur númerið **1901**. Að auki er hlaupandi númer innan verkefnisins.

Minjar sem eru skráðar við þessa fornleifaskráningu eru í landi Hólsgerðis.

Þar sem fornleifaskráning hefur áður farið fram í Hólsgerðis, eru númerin úr þeirri skýrslu látin fylgja í sviga þar sem hægt er að staðsetja viðkomandi fornleif við þessa nýju skráningu.

Sem dæmi er **Ey-367-004. Stekkjarvað** í eldri skráningunni.

Við fornleifaskráninguna er reynt að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, eins og hýbýli manna, útihús, eða nöfn staðháttanna í landinu sem gefa vísbendingu, svo sem eyktarmörk. Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hversu mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda, jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofnunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar. Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið. Minjar voru staðsettar á vettvangi af Verkfræðistofunni Eflu.

Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu er að finna aftast í skýrslunni.

5. HEITI VERKEFNISINS:

Tjarnavirkjun e.h.f.

Aðal- og deiliskipulagsverkefnið fyrir Tjarnavirkjun sem er í landi Tjarna, Halldórsstaða og Hólsgarðis er unnið af Verkfræðistofunni Eflu Glerárgötu 32, 600 Akureyri, að beiðni Brynju Daggar Ingólfssdóttir f.h. Tjarnavirkjunar. ehf. Eyjafjarðarsveit.

Fundargerð skipulagsnefndar Eyjafjarðar 15. ágúst 2016.

245. fundur skipulagsnefndar Eyjafjarðarsveitar haldinn í fundarstofu 2, Skólatröð 9, mánudaginn 15. ágúst 2016 og hófst hann kl. 15:00.

1. 1608005 - Umsókn um heimild til deili- og aðalskipulagsbreytingar

Erindi dagsett 11. ágúst 2016 þar sem Brynja Dögg Ingólfssdóttir f.h. Tjarnavirkjunar ehf. sækir um heimild til að vinna deiliskipulag fyrir Tjarnavirkjun Í Eyjafjarðarsveit ásamt breytingu á gildandi aðalskipulagi. Fulltrúar Tjarnavirkjunar ehf. mættu á fundinn og kynntu fyrirhuguð virkjunaráform.

Skipulagsnefnd þakkar fyrir kynninguna og leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði veitt heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir Tjarnavirkjun ásamt breytingu á gildandi aðalskipulagi.

Það sem fyrirhuguð framkvæmd er tilkynningarskyld fellur fyrirhugað deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Vinna skal eina skipulags- og matslýsinu vegna tillögu að deiliskipulagi og tillögu að breytingu á aðalskipulagi.³

³ 245. fundur skipulagsnefndar Eyjafjarðarsveitar. Umsókn um heimild til deili- og aðalskipulagsbreytingar vegna Tjarnavirkjunnar.

6. SÖGULEGAR HEIMILDIR

Tjörn

Jörðin Tjörn kemur fyrir í Víga-Glúmssögu, þar segir m.a.: “Sá maður var með Glúmi er Hallvarður hét, lausingi hans og fóstri Vigfúss. Hann rakaði fé saman, refjusamur í fjárreiðum. Hann handsalaði Vigfúsi fé sitt. Ekki var hann orðsæll. Hann gerði bú á bæ þeim er að Tjörn heitir í Eyjafjarðardal og bötnuðu ekki vinsældir hans við það og var svo mjög hendisamur í afréttum. En Vigfús var farmaður mikill”.⁴ (innskot K.G.: Vigfús var sonur Glúms)

Elstu skjalaheimildir um jarðir í Eyjafirði eru Auðunarmáldagi frá 1318. Miðaldaheimildir um jarðir eru máldagar kirkna og klaustra, en einnig eru jarðsölubréf heimildir um jarðir.

1318 Munkaþverármáldagi (XCVIII) Munkaþveráklaustur . Klaustur hins heilaga Benedikts á Þverá í Eyjafirði, þar undir heyrta ytri og **innri Tjarnir** bls. 485.2. bindi 1253-1350 bls. 485⁵

14. mars 1375. Kaupbréf fyrir Hólum í Eyjafirði og Auðbrekku. Gunnar bóndi Pétursson selur Jóni Ólafssyni jörðina Hóla í Eyjafirði, þar segir að að Hólar eigi selför í landi Tjarna.⁶

1446 Testamenntisbréf Þorvarðs Loptssonar á Mörduvöllum, þar á meðal er Munkaþverárklaustur.

1446 30. apríl. Bréf um peninga þá er hústrú Margrét Vigfúsdóttir kjöri í fjórðungsbréf sína eftir Þorvarð Loptson⁷

1447 10. ágúst. 4 bindi í Kaupmannahöfn, Skiptabréf Kristóphers konungs af Bayern þar sem hann skipar jarðirnar Vatnsenda, Jögul, Halldórsstaði, Tjarnir, Úlfá, Brekku, Nes, Bragholt, og Bakka, er allar eru norðanlands, undir Pétur Pétursson hirðmann sinn, nema því aðeins að Margrét Vigfúsdóttir ekkja Þorvarðar Loptssonar sem að haldið hafði jörðunum fyrir Pétri, sýni að hún eða börn hennar eigi þessar jarðir með lögum.⁸

1469 Máldagi Munkaþverárklausturs. Þar segir að klaustrið eigi Tjarnir ytri og **Tjarnir syðri.**⁹

⁴ Íslenkzkt Fornbréfasafn /Hið Íslenska bókmenntafélag bls. 1929:17

⁵ DI 2. bindi XCVIII 1253-1350 bls. 485

⁶ DI Þriðja bindi 1269-1415, bls. 294-296

⁷ DI Fjórða bindi 1265--1449 bls. 677, 674-667, 677,705-706

⁸ DI Fjórða bindi 1265-1449 Bls. 705-706

⁹ DI Fimmta bindi 1330-1476 (1899-1902) bls. 303

1501 18. september á Möðruvöllum. Jarðaskiptabréf Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms bónda Pálssonar.¹⁰

1510 3. júlí á Öxárþingi.

Tylftardómur útnefndur á Öxárþingi vegna eignaskipta þeirra Gríms Pálssonar og Þorvarðs lögmanns Erlendssonar.¹¹

1712 Jarðabók Árna Magnússonar og Pálss Vídalín segir um Tjarnir Saurbæjarhreppi að jarðadýrleiki sé 10/100. Eigandinn Monsr. Ari Þorkelsson að Haga Barðarströnd. Ábúandinn Snorri Jónsson.¹²

1847 Jarðatal Johnsens.

Tjarnir jarðanúmer 369: í bændaeign, dýrleiki 25/100, landskuld 1/10, kúgildi 4, ábúandi 1 eigandi. Í skýringum segir um jörðina: 1802 eru hér með talda eyðihjáleigur Márstaðir og Stigagerði, svo og afrétt fyrir lömb frá 4 bæjum. Á.M. einn telur jörðina 40 h að dýrleika.¹³

Byggðir Eyjafjarðar, gömul býli í Eyjafajarðarsveit, þar segir m.a. um **Tjarnir: Tjarnir** eru fremsti bær í Eyjafirði að austan Eyjafjarðarár.

Bæjarhúsin standa á dálitlum hól og eru tún umhverfis þau, en einkum sunnan. Hér hefur ekki verið búið síðan 1999.

Á jörðinni stendur fjárhús byggt 1981, 335 m² ásamt áfastri hlöðu sem byggð var 1884, 117 m². Ræktað land er 36 ha.¹⁴

Halldórsstaðir

1447 Skiptabréf Kristófers konungs af Bayern þar sem hann skipar jarðirnar Vatnsenda, Jögul, Halldórsstaði, Tjarnir, Úlfá, Brekku, Nes Bragholt og Bakka, er allar eru norðanlands, undir Pétur Pétursson hirðmann sinn, nema því aðeins að Margret Vigfusdóttir ekkja Þorvarðar Lopftsonar sem að haldið hafði jörðunum fyrir Pétri, sýni að hún eða börn hennar eigi þessar jarðir með lögum.¹⁵

1698 Fyrir hönd Karenar sál. Dobbelssteen og erfingja hennar og Björns Magnússonar og erfingja hans selur Kristjæan Müller amtmaður Jóni Eyjólfssyni og Lárusi Hanssyni Skeving sýslumönnum á hendur eftirtaldar jarðir: Hálfu Gullbrekku 20 hndr.; hálfu Kolgrímustaði, 6 hndr.; Seljahlíð, 20 hndr.; **Halldórsstaðir 10 hndr.**; Auðnustaði (Aunestaðer), 12 hndr og

¹⁰ DI Sjöunda bindi 1170-1505. Tjarnir bls. 583

¹¹ DI 8. bindi 1256-1449 bls. 321-322.

¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Pálss Vídalín 10. Bindi, bls. 256.

¹³ J Johansens Jarðatal. Kaupmannahöfn 1847, bls. 302.

¹⁴ Byggðir Eyjafjarðar 1990. Síðara bindi, bls. 628.

¹⁵ DI Fjórða bindi 1265-1449, bls. 705-706.

Stekkjjarflatur, 20 hndr, í staðinn greiða sýslumennirnir það sem vantaði af afgjöldum Munkaþverárklosturs 282 rdl. Og 3 merkur in specie (Sjá Alþ. Bækur IX bls. 77-78).¹⁶ Bls. 231.

1712 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín bls. 257.

Jarðadýrleiki 10. hndr. og tíundust fjórum tíundum.

Eigandinn sýslumaðurinn Lauritz Hansson Skefving. Ábúandi Eyjólfur Bjarnason.

Leigukúgildi 2, fyrir vel 20 árum 3. Leigur betalast í smjöri heim til landsdrottins.

Kvikfé 2 kýr, 28 ær, 11 sauðir tvævetur og eldri, 4 veturgamlir, 15 lömb, 2 hestar, 1 hross, 1 útigangshryssa, 1 folald. Fóðrast kann tveggja kúa þungi.¹⁷

1847. Jörðin í bændaeygn, dýrleiki 12/100 landskuld 0.50, Kúgildi 2, ábúandi 1 leiguliði. Í skýringum segir: Þessi jörð er 10 h að dýrleika, 1802 er hér með talin eyðihjáleiga Halldórsstaðakot (Halldórsstaðagerði).¹⁸

Jarðanúmer 370.1847 bls. 302.

Hólsgerði

1712 Metið á 10/100 hndr. er það hluti af Torfufelli. Byggt fyrir manna minni í úthögum fram frá, afdeilt að túni og útslægjum, en öðrum landsnyttjum óskift.¹⁹

1847 Jarðatal Johnsen: Hólsgerði jarðanúmer 367, hjáleiga, dýrleiki 7/100, landskuld 0.30, kúgildi 2, ábúandi 1 leiguliði.²⁰

¹⁶ Jarðabréf frá 16. og 17. Öld, bls. 231

¹⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín bls. 257

¹⁸ J Johnsens Jarðatal Kaupmannahöfn 1847. bls. 302

¹⁹ Árna Magnússonar og Páls Vídalín Jarðabók bls. 257

²⁰ J Johnsen Jarðatal 1847, bls 302

7. SKRÁNING FORNLEIFA.

Fornleifaskráning fyrir land Tjarna og Halldórsstaða liggur ekki fyrir. En fornleifaskráning fyrir Hólsgerði var gerð af Fornleifastofnun 1998.

Fornleifaskráning í Eyjafirði XI.

Fornleifar í Saurbæjarhreppi sunnan Djúpadalsár og vestan Eyjafjarðarár.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson.

Minjasafnið, Akureyri. Fornleifastofnun Íslands, FS 067-94017.²¹

Í fornleifaskráningin fyrir **Hólsgerði** (bls. 135-137) frá 1998 eru skráðar 10 minjar. Þar af eru heimildir um tvo minjastaði þar sem er gert ráð fyrir inntaki, farvegi, yfirfalli, og lóni virkjunnarinnar. Minjarnar eru heimild um vað (**Ey-367-004**)- og heimild um stekk (**Ey-367-005**) sem að öllum líkindum hafi verið í vegstæðinu að ánni að vestan, en stekkurinn horfið við vegagerð um 1960.

Fornleifaskráning 2016:

Hólsgerði 1901 - 1

Sérheiti: Stekkur

Isnet hnit: N 533781 A 534817

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Staðhættir: Sunnan við bæjarstæði Hólsgerðis liggur vegslóði niður að ánni þar sem brú var lögð yfir ána, og stóð hún til 1980.

Lýsing: Stekkurinn er horfinn. Líkur eru á að honum hafi verið rutt út um 1960.

Aðrar upplýsingar: Ekki eru greinanleg ummerki um stekkin í Vegslóðanum. Heimildir um hvar hann hefur nákvæmlega verið liggja ekki fyrir, eins og skráð er í skráningunni frá 1998, en þar segir að líkur séu á að honum hafi verið rutt út, þegar vegurinn var gerður niður að ánni um 1960. Síðan þá hefur um 12 m langur og um 2-3 m djúpur vélgrafinn skurður verið grafinn fast sunnan vegarins niður að ánni. Einnig hefur verið tekið úr landinu norðan vegstæðisins og ýtt upp að því.

Heimildir: Hnit tekin í veginum rétt vestan við brúarstæðið
Angantýr Hj. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson:

²¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson. Fornleifaskráning í Eyjafirði XI. Fornleifastofnun 1998.

Örnefni í Saurbæjarhreppi. Hólsgerði.
Fornleifaskráning í Eyjafirði XI. 1998.

Fornleifaskráning 1998.

Ey-367-005. Heimild um stekk. 65°18.125N- 18°15.225 V

Slæmt vað er á ánni, rétt sunnan (bæjarhólsins) og heitir Stekkjarvað og er stekkjarrúst á bakkanum að vestan, segir í örnefnalýsingu. Stekkjarrústir þessar eru horfnar og eru líkur á að þeim hafi verið rutt út þegar brú og vegur að henni voru gerð um 1960. (Bls. 136).

Fornleifaskráning Hólsgerði 2016

Hólsgerði 1902 - 2

Sérheiti: Stekkjarvað

Isnet hnit: A 533820 N 534827 að vestan

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Staðhættir: Vaðið á ánni hefur verið sunnan og austan bæjarhólsins í Hólsgerði.

Rétt norðan við þar sem brú var á ánni fram til 1980. Enn má sjá brúarfót beggja megin árinna.

Lýsing: Landið að árbakkanum er grasivaxið og nokkuð aflíðandi niður að ánni þar sem greina má nokkuð stóra steina sem liggja þvert á ána.

Aðrar upplýsingar: Að sögn heimildarmanns, hefur vaðið á ánni verið um það bil þar sem brúin hefur verið eða aðeins norðan við hana, en hann telur jafnframt að það hafið verið breytilegt hvar lagt var í vaðið, hafi það farið eftir rennsli árinna hverju sinni.

Heimild: Angantýr Hj. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson:

Örnefni í Saurbæjarhreppi. Hólsgerði.

Fornleifaskráning í Eyjafirði XI. 1998.

Heimildarmaður: Brynjar Skúlason, Hólsgerði.

Fornleifaskráningin 1998:

Ey-367-004. Stekkjarvað - Heimild um vað. 65°18.113N- 18°15.201 V

Slæmt vað er á ánni, rétt sunnan (bæjarhólsins) og heitir Stekkjarvað segir í örnefnalýsingu. Sunnan við bæjarhólinn er Stekkjarvað og var síðar brú á Eyjafjarðará. Brúin stendur ekki lengur, en vaðið er norðan við hana og sjást þar ummerki um það, m.a. slóði upp af vaðinu austan ár. (Bls. 136).



Mynd 2 Horft til vestur að vegstæðinu í landi Hólsgerðis. Vaðið er til hægri við brúarfótinn.

8. NIÐURSTÖÐUR:

Hafa ber í huga ákvæði laga um Menningarminjar um áður óþekktar fornleifar með tilvísun í VI. KAFLA, Verndun og varðveisla fornminja. 24 grein segir svo:

Áður ókunnar fornminjar.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrir mælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.12²²

Tjarnir:

Heildaskráning á fornleifum í landi Tjarna liggur ekki fyrir. Þar sem nú er verið að skrá, er skráð fyrir afmarkað deiliskipulag vegna framkvæmda vegna Tjarnavirkjunnar, ásamt afmörkuðum reit efnistökusvæðis. Stuðst hefur því verið við ritaðar heimildir, skoðun svæðisins og rætt við heimildarmenn.²³

Fornleifar í landi Tjarna, sem heimildir eru um eru ekki hættu varðandi framkvæmdirnar, þar sem þær eru utan við deiliskipulagssvæðið og efnistökusvæðið. Túnakort frá 1920 sýnir staðsetningu bæjarins Tjarna á bæjarhólnum ásamt útihúsum sem eru staðsett austast og syðst í gamla túninu. Þá má greina hluta af hleðslum traðarinnar sem lá í norður frá bæjarhúsunum. Leifar traðarinnar eru í norður út frá brekku/bæjarhólnum, þar sem nú standa nýleg fjárhús. Samkvæmt túnakorti hefur túnið frá Tjörnum legið niður að Eyjafjarðaránni í vestur, en fyrirhugaðar framkvæmdir vegna pípulagnar munu liggja um vestasta hluta gamla túnsins sem raskast vegna legu pípunnar. Ekki eru minjar merktar inn á túnakortið frá 1920 á þessum hluta túnsins. Í örnefnaskrá fyrir Tjörn²⁴ er ekki getið um vað yfir í land Hólsgarðis, en í

²² Heimasíða Alþingis. Menningarminjar Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).

²³ Guðbjörn Elfrasson og Rósa Hreinsdóttir Halldórsstöðum

²⁴ Tjarnir, Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Íslands.

örnefnaskrá og fornleifaskráningu fyrir Hólsgerði er Stekkjarvað yfir Eyjafjarðará yfir í land Tjarna.



Mynd 3 Horft til austurs að Tjörnum, vaðið til vinstri við brúarfótinn.

Fornleifaskráning fyrir Hólsgerði 1998 segir frá Stekkjarvaði og að slóði sé austan árinna í landi Tjarna.

Ey-367-004. Stekkjarvað - heimild um vað. 65°18.113N- 18°15.201 V.

Slæmt vað er á ánni, rétt sunnan (bæjarhólsins á Hólsgerðis) og heitir Stekkjarvað. Í örnefnalýsingu segir m.a: Sunnan við bæjarhól Hólsgerði er Stekkjarvað og slóði upp af vaðinu austan ár.

Tún hafa verið sléttuð í landi Tjarna niður að ánni norðan við brúarstöplana, og því hefur orðið rót á jarðveginum að ánni og slóðinn því ekki rekjanlegur.

Að sögn heimildarmanns,²⁵ hefur vaðið á ánni verið um það bil þar sem brúin hefur verið, en hann telur jafnframt að það hafið verið breytilegt hvar lagt var í vaðið, og hafi það farið eftir rennsli árinna hverju sinni.

Halldórsstaðir:

Ekki er fyrir hendi skráning fornleifa í landi Halldórsstaða. Þar sem nú er að skráð, er skráð fyrir afmarkað deiliskipulag vegna framkvæmdáætlunar við Tjarnavirkjun. Það hefur því verið stuðst við ritaðar heimildir, skoðun svæðisins og rætt við heimildarmenn.²⁶

²⁵ Ármann Gunnarsson, Mosfellsbæ.

²⁶ Guðbjörn Elfrasson og Rósa Hreinsdóttir, Halldórsstöðum.

Við athugun á afmarköðu svæði deiliskipulagsins, þar sem stöðvarhúsið og pípan að því liggja gegnum land Halldórsstaða, eru ekki heimildir eða merki í landinu að þar séu minjar.

Hólsgerði:

Fyrir Hólsgerði var gerð Fornleifaskráning 1998.

Í fornleifaskráningin fyrir **Hólsgerði** eru skráðar 10 minjar.

Heimildir um einn minjastað og annan á mörkum eða rétt utan við mörk deiliskipulagsins, þar sem í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir inntaki, farvegi, yfirfalli og lóni 0.9 ha.

Heimild um vað Ey-367-004. Stekkjarvað.

Að sögn heimildarmanns (2016)²⁷, hefur vaðið á ánni verið um það bil þar sem brúin hefur verið, eða rétt norðan við brúarstaðið en hann telur jafnframt að það hafið verið breytilegt hvar lagt var í vaðið, hafi það farið eftir rennsli árinna hverju sinni.

Heimild um stekk (Ey-367-005.) þar sem segir í skráningunni frá 1998:

Stekkjarrústir þessar eru horfnar og eru líkur á að þeim hafi verið rutt út þegar brú og vegur var að henni voru gerð um 1960.

Ekki eru greinanleg ummerki um stekkin og ekki nákvæmar heimildir um hvar hann hafið verið, eins og skráð er í skráningunni frá 1998, og þar segir að líkur á að honum verið rutt út, þegar vegurinn var gerður niður að ánni um 1960.

²⁷ Brynjar Hólsgerði.

9. SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM:

Deiliskipulagssvæðið liggur á afmörkuðum svæðum í landi Tjarna, Halldórsstaða og Hólsgerðis.

Skráning fonleifa var gerð í landi Hólsgerðis 1998.

Skráning fornleifa í landi Tjarna og Halldórsstað liggur ekki fyrir nema að því leiti sem nú hefur verið gerð vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda.

Þar sem ekki var fyrir hendi samantekt á sögulegum heimildum fyrir Tjarnir og Halldórsstaðir voru teknar samna helstu heimildir um sögu þeirra. Sögulegar heimildir eru sérstaklega unnar fyrir Tjarnir, þar sem í því landi liggur aðal framkvæmdasvæði Tjarnavirkjunnar. En Halldórsstaðir fá sína heimildasögu miðað við vægi skráningarinnar fyrir framkvæmdir virkjunarinnar. Stuðst var við sögulegar heimildir fyrir Hólsgerði frá fornleifaskráningunni 1998.

Í landi **Tjarna** er framkvæmdasvæðið nokkuð fjarri þeim minjastöðum sem eru samkvæmt túnakorti 1920, Með þeirri undantekningu að pípan fer að hluta til í gegnum gamla túnið sem liggur að Eyjafjarðará samkvæmt túnakortinu, en mun liggja utan við þar sem eru þekktar minjar. Þá eru ekki heimildir um minjar á fyrirhuguðu efnistökusvæði eða merkjanlegar minjar í landinu.

Í örnefnaskrá fyrir Tjörn²⁸ er ekki getið um vað yfir í land Hólsgerðis, en í örnefnaskrá og fornleifaskráningu fyrir Hólsgerði er Stekkjarvað yfir Eyjafjarðará yfir í land Tjarna. Áætluð lega vaðsins og slóðans sem er getið um í fornleifaskráningunni 1998 er utan deilskipulagsins í Tjarnalandi, en heimildir segja að lega vaðsins geti líka farið eftir rennsli árinna hverju sinni sem gæti þá hafa legið innan deiliskipulagsins.

Í fornleifaskráningunni fyrir **Hólsgerði** frá 1998 gert grein fyrir vaði á ánni yfir í land Tjarna og ummerki um það, m.a. slóði upp af vaðinu austan ár, eins og segir í örnefnaskrá fyrir Hólsgerði.

Tún hafa verið sléttuð í landi **Tjarna** niður að ánni í gegnum árin, og síðast var þar sléttað 2005, og því hafi rót orðið á því landi sem liggur næst ánni, þar sem túnin teygja sig í áttina að ánni norðan við brúarstöplana. Ummerki um slóðann eru ekki greinanleg, og slóðinn e.t.v. ekki vel markaður, þar sem ekki var alltaf farið yfir á sama stað, þar sem vaðið yfir ána fór eftir rennsli árinna hverju sinni.

²⁸ Tjarnir, Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir: Við athugun á afmörkuðu svæði deiliskipulagsins, þar sem stöðvarhúsið og pípan að því liggur í gegnum land Halldórsstaða, eru ekki heimildir eða merki í landinu um minjar.

Hólsgerði:

Í fornleifaskráningunni frá 1998 fyrir **Hólsgerði** eru skráðar 10 minjar.

Heimild er um einn minjastað innan deiliskipulagsins, (1901-1). Þessi heimild er stekkjarrúst.

Ekki eru greinanleg ummerki um stekkinginn og ekki nákvæmar heimildir um hvar hann hafið verið, eins og skráð er í skráningunni frá 1998, en þar segir að líkur á að honum verið rutt út, þegar vegurinn var gerður niður að ánni um 1960.

Gert er ráð fyrir inntaki, farvegi, yfirfalli og lóni, sem er 0.9 ha á Eyjafjarðará þar sem brúarstæði var yfir ána.

Brúin var byggð þar um 1960, en að sögn heimildarmanns var hún tekin niður um 1980.²⁹

Heimild er einnig um vað, Stekkjarvað (1902-2) innan lands Hólsgerðis. Lega vaðsins er áætluð rétt utan við mörk deiliskipulagsins, rétt norðan við gamla brúarstæðið á ánni.

Áætluð lega vaðsins er sögð *heimild* í fornleifaskráningunni 1998.

Þá segir heimildarmaður³⁰ (9/2 2017) skrásetjara, að vaðið á ánni hafi verið um það bil þar sem brúin hefur verið, eða rétt norðan við brúarstæðið, en hann telur jafnframt að það hafi verið breytilegt hvar lagt var í vaðið, og farið eftir rennsli árinna hverju sinni. En við brúarstæðinu, eða rétt norðan við það, sé oft góður kostur þegar farið er yfir. Og í örnefnaskrá segir í örnefnalýsingu: "Slæmt vað er á ánni, rétt sunnan [bæjarhólsins], og heitir Stekkjarvað, og er stekkjarrúst á bakkanum að vestan."

Lega vaðsins er því ekki nákvæmlega staðsetjanleg. En heimildin um vaðið er fyrir hendi, og gerð grein fyrir þeim heimildum sem liggja fyrir um það.

Heimild er um vað yfir ána, og heimild um stekkinginn sem er horfinn þegar skráningin 1998 er gerð og heimildir um hvar stekkingurinn hafið verið ekki nákvæmar, en líkur taldar á að hann hafi verið í vegstæðinu að brúnni og hann horfið við vegagerðina.

²⁹ Rósa Hreinsdóttir Halldórsstöðum

³⁰ Brynjar Skúlason Hólsgerði

Á loftmynd af Hólsgærði hefur verið afmarkaður reitur í vegstæðinu upp frá ánni og nánasta umhverfi og þarf að hafa í huga að þarna gætu leynst minjar undir sverði, ef til jarðrask kemur í og við vegstæðið.

Samkvæmt deiliskipulaginu eru líkur á að lega vaðisns liggi rétt fyrir utan mörk þess við ána. En eins og heimildir liggja fyrir hefur ekki alltaf verið farið yfir á sama vaði, heldur hefur það farið eftir rennsli árinna hvar lagt var í ána. Og eins og segir í örnefnaskrá "Slæmt vað er á ánni, rétt sunnan [bæjarhólsins], og heitir Stekkjarvað".

Ætlað stæði stekksins gæti legið innan marka deiliskipulagsins í vegstæðinu frá 1960 sem liggur að inntaki virkjunarinnar.

Þar sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir framkvæmdum á þessu svæði á landi Hólsgærðis, ber að hafa í huga að minjar geta leynst undir sverði.

Þá ber að hafa í huga ákvæði laga um Menningarminjar um áður óþekktar fornleifar með tilvísun í VI. KAFLA, 24 grein laga um Verndun og varðveisla fornminja. Lagagreinin gildir jafnframt um allt jarðrask varðandi framkvæmdasvæði Tjarnavirkjunnar.



Kort 2. Kort yfir minjar í landi Hólsgarðis.

10. HEIMIDASKRÁ

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson 1998.
Fornleifaskráning í Eyjafirði XI: Fornleifar í Saurbæjarhreppi sunnan Djúpadalsár og vestan Eyjafjarðarár. **Hólsgerði** (bls. 135-137) skráðar 10 Minjasafnið Akureyri. Fornleifastofnun Íslands, FS 067-94017.³¹

Byggðir Eyjafjarðar 1990. Síðara bindi. Bls. 628

Eyjafjarðarsveit. 245. fundur skipulagsnefndar Eyjafjarðarsveitar: Umsókn um heimild til deili- og aðalskipulagsbreytingar vegna Tjarnavirkjunar.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn* II-VIII. Kaupmannahöfn/Reykjavík. 1857-1972.

Íslenkzkt Fornbréfasafn /Hið Íslenska bókmenntafélag bls. 1929:17

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalín 10. bindi Kaupmannahöfn 1943.
Árni Magnússon Jarðabréf bls. 230-231.

Jarðabréf frá 16.og 17. öld útdrættir. Hið íslenska fræðafélag bls. 231
Kaupmannahöfn 1993.

Jarðatal J Johansens. Kaupmannahöfn 1847. bls. 302.

Pingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1
Lög nr. 80 29. júní 2012.2

Tjarnir, Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildarmenn:

Guðbjörn Elfarsson og Rósa Hreinsdóttir, Halldórsstöðum 601 Akureyri (2017).

Brynjar Skúlason, Hólsgerði 601 Akureyri (2017).

Ármann Gunnarsson, ættaður frá Tjörnum. (240 Mosfellsbæ 2017)

³¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson. Fornleifaskráning í Eyjafirði XI. Fornleifastofnun 1998.

11. FYLGISKJÖL.

Loftmynd af deiliskipulagssvæðinu. Túnakort Tjarna frá 1920 lagt yfir land Tjarna ásamt bæjarstæði og útihúsum. Einnig er merktar inn minjar í landi Hólsgarðis ásamt heimild um stekk í landi Hólsgarðis.